



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson veitir í kvöld, miðvikudaginn 7. júní, Íslensku menntaverðlaunin í annað sinn. Athöfnin verður í Hjallaskóla í Kópavogi og hefst dagskráin kl. 19:00.

Íslensku menntaverðlaunin, sem einkum eru bundin við grunnskólastarfið, verða veitt í fjórum flokkum:

1. Skóla sem sinnt hefur vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi.
2. Kennara sem skilað hefur merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr
3. Ungum kennara sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi.

Öllum sem starfa á vettvangi grunnskóla og láta sig skólamál miklu varða, kennurum, nemendum, foreldrafélögum, skólum og öllum almenningi var boðið að tilnefna þá sem þeir töldu verðuga verðlaunahafa.

Tvær dómnefndir hafa starfað í aðdraganda verðlaunaveitingarinnar. Í þeirri dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í fyrsta og fjórða flokki, þ.e. skóla og námsefni, sátu:

- Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands
- Jóhanna Kristjánsdóttir fyrrverandi skólastjóri
- Katrín Alfreðsdóttir fyrrv. formaður Foreldrafélags Víðistaðaskóla
- Pétur Bjarnason framkvæmdastjóri SÍBS og fyrrv. fræðslustjóri
- Rósa Eggertsdóttir sérfræðingur á skólaþróunarsviði kennaradeildar Háskólans á Akureyri

Í dómnefnd sem fjallaði um tilnefningar í öðrum og þriðja flokki, þ.e. kennara, sátu:

- Áslaug Brynjólfsdóttir fyrrv. fræðslustjóri í Reykjavík
- Séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarneskirkju
- Haukur Helgason fyrrv. skólastjóri í Hafnarfirði
- Stella Guðmundsdóttir fyrrv. skólastjóri Hjallaskóla
- Svanhildur Kaaber ritari rektors Kennaraháskóla Íslands

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir verðlaunaveitinguna. Þar verða einnig meðal gesta kennarar, nemendur, áhugafólk um skólastarf og forystufólk á vettvangi kennara- og uppeldismenntunar í landinu.

7. júní 2006

Nánar upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Ragna Þórhallsdóttir (861 2596) og Guðbrandur Stígur Ágústsson verkefnisstjóri Íslensku menntaverðlaunanna (862 8049).